

WANG WEI

Dádýrsgerði¹

Eyðifjall, engan að sjá, aðeins ómur radda.
Geislar kvöldsólar smjúga djúpt inn í skóginn og glampa á grænum mosanum.

《鹿柴》

空山不見人，但聞人語響；返景入深林，復照青苔上。

Jón Egill Eyþórsson þýddi úr fornkínversku

¹ Dádýrsgerði er örnefni. Að sjá engan á ferð en heyra óm radda endurspeglar hverfuleika mannheima sem skáldið dregur fram með einfaldri og kyrrri náttúrumynd.